
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

VII. tölublað. XII. árgangur

12. maí 2006

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

Vorpróf í Hvolsskóla

Skólapróf hjá 10. bekk Hvolsskóla verða dagana 15. - 17. maí. Fimmtudaginn 18. maí fara þau í ferð um Njáluslóðir og snemma morguns 22. maí er stefnan sett á Danmörku þar sem þau njóta lífsins í fjóra dag. Próftafla 10. bekkjar hefur þegar verið dreift til nemenda 10. bekkjar.

Vorpróf í 7. til 9. bekk Hvolsskóla verða í vikunni 22. til 26. maí. Síðasti kennsludagur fyrir vorpróf hjá þessum bekkjum verður mánudaginn 22. maí þegar kennt verður samkvæmt stundatöflu fram að hádegi. Próftafla fyrir 7. til 9. bekk er tilbúin og verður dreift til nemenda í dag föstudag.

Ekki verður um að ræða neina sérstaka prófdaga vegna vorprófa í 1. til 6. bekk þar sem vorprófin eru tekin meðfram kennslu í maí í þeim greinum sem prófað er í. Kennt verður samkvæmt stundaskrá í 1. til 6. bekk til mánudagsins 29. maí.

Vordagar 15. - 19. maí

Vordagar Hvolsskóla verða dagana 15. til 19. maí næstkomandi þar sem hefðbundin stundaskrá verður lögð til hliðar og nemendur munu takast á við margvísleg skemmtileg og fræðandi viðfangsefni er tengjast landi og þjóð. Biðjum við nemendur og foreldra að athuga að við reynum að vera eins mikið úti og hægt er og þarf því að huga að fatnaði við hæfi.

Skipulag vordaga er á næstu blaðsíðu en þeir enda með glæsilegri *Vorhátíð Foreldra- og kennarafélagsins* föstudaginn 19. maí klukkan 16:00

Skólaslit vorið 2006

Útskrift 10. bekkinga og skólaslit Hvolsskóla verða með hefðbundnum hætti miðvikudaginn 31. maí og hefjast kl. 16:00 í íþróttamiðstöðinni.

Á skólaslitunum selja nemendur 7. bekkjar kaffi til ágóða fyrir skólaferðalag næsta haust.

Vordagar í Hvolsskóla

Álfar og tröll - Vordagar 1. - 3. bekkjar

Mánudagur til fimmtudags klukkan 8:10 – 12:30

Nemendur 1. til 3. bekkjar verður skipt í 6 hópa og vinna á 6 stöðvum á hverjum degi. Stöðvarnar eru eftirfarandi:

- ♣ Hellar og tröllagrímur.
- ♣ Álfasögur.
- ♣ Tröllaljóð.
- ♣ Steinasmiðja.
- ♣ Leiklistarsmiðja.
- ♣ Tónlist og lestur.

Muna að klæða sig eftir veðri.

Skólaskjól

Síðasti dagur í Skólaskjólinu á þessu skólaári er mánudagurinn 29. maí. Kristín Erna Leifsdóttir og Guðrún Aradóttir hafa séð um Skjólíð seinni hluta vetrar og staðið sig með afbrigðum vel.

Fyrir hönd Hvolsskóla og Skjólverja færur við þeim stöllum bestu þakkir fyrir gott starf og frábæra samvinnu í vetur.

Leikhúsferðir

Miðvikudaginn 17. maí fara nemendur 7. - 10. bekkjar á leikritið *Viltu finna milljón* eftir Ray Cooney. Lagt verður af stað frá skólanum kl 17:45. Sýningin hefst kl 20:00 og lýkur klukkan 22:00. Áætluð heimkoma um kl 24:00.

Laugardaginn 20. maí stendur öllum nemendum skólans til boða af fara á leikritið *Ronju Ræningjadóttur* eftir Astrid Lindgren. Lagt verður af stað frá skólanum kl 11:45. Sýningin hefst kl 14:00 og lýkur klukkan 16:20. Áætluð heimkoma upp úr kl 18:00.

Vordagar í Hvolsskóla

Umhverfið - Vordagar 4. - 6. bekkjar

Mánudagur 15. maí klukkan 8:10 – 12:30

Fyrri lota - klukkan 8:10 - 10:10

- ♣ Nemendur 4. til 6. bekkjar fara um þéttbýlið á Hvolsvelli og safna saman hráefni til að vinna úr í þemavikunni. Nauðsynlegt að vera með hanska.

Seinni lota, kl.10:30 - 12:30

- ♣ Hópavinna
 - Endurvinnsla, flokkum og skilum.
 - Áburður.
 - Umhverfisvæn orka, ferðast án mengunar og hvaða hlutir menga í umhverfi okkar?
 - Hversu lengi er ruslið að eyðast í náttúrunni?
 - Gróðurhúsaáhrif og ósonlagið.
 - Rusl og listir.
 - Sauðburður.

Þriðjudagur 16. maí klukkan 8:10 – 12:30

og

Miðvikudagur 17. maí klukkan 8:10 – 12:30

- ♣ Vinna í hópum heldur áfram.

Fimmtudagur 18. maí klukkan 8:10 – 12:30

Fyrri lota - klukkan 8:10 - 10:10

- ♣ Hjólaskoðun og frágangur í hópum.

Seinni lota, kl.10:30 - 12:30

- ♣ Rattleikur sem byggir á vinnunni sem unnin verður í hópunum.

Muna að klæða sig eftir veðri og mæta með hlífðarhanska.

Vordagar í Hvolsskóla

Söguslóðir og landnám - Vordagar 7. - 9. bekkjar

Mánudagur 15. maí klukkan 8:10 – 12:30

- ♣ Nemendur 7. og 8. bekkjar í ferð um Njáluslóðir.
- ♣ Nemendur 9. bekkjar í menningarferð til Reykjavíkur þar sem meðal annars verður farið í Þjóðminjasafnið og Landnámsskálinn í Aðalstræti verður skoðaður.

Þriðjudagur 16. maí klukkan 8:10 – 12:30

- ♣ 7. og 8. bekkur í fornípróttamóti á Hvolfsfjalli.
 - Skarphéðinsmót.
 - Hallgerðartog og flétta.
 - Hlíðarendahellan.
 - Pokahlaup.
 - Þríþraut Gunnars.
- ♣ 9. bekkur vinnur í hópum að verkefnum tengdum landnámi.
 - Tónlist.
 - Dýr og hestar.
 - Skartgripir.
 - Klæði.
 - Ferðamáti.
 - Búseta.
 - Vopn.
 - Ípróttir.

Miðvikudagur 17. maí klukkan 8:10 – 12:30

- ♣ 7. og 8. bekkur leggja lokahönd á landnámsverkefni og ganga frá lausum endum.
- ♣ 9. bekkur vinnur í hópum að verkefnum tengdum landnámi.

Fimmtudagur 18. maí klukkan 10:00 – 12:30

ATH. Breytt tímasetning vegna leikhúsferðar daginn áður.

- ♣ Undirbúningur vorhátíðar Foreldra- og kennarafélagsins.
- ♣ 9. bekkur vinnur í hópum að verkefnum tengdum landnámi.

Muna að klæða sig eftir veðri.